



Landssamband æskulýðsfélaga

13. fundur stjórnar 2009 – 2010
Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 11:00
29. mars 2010

Mættir: Unnur Hjálmarasdóttir (UH), Björn Guðmundsson (BG), Auður Geirsdóttir (AuG) og Sindri Snær Einarsson (SSE). Au.k þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn.

Fundur settur: 11:35

UH þakkaði fyrir síðast á opnum degi.

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að Nordbuk kynningin hefði gengið vel. 10 manns mættu.

HTF sagði frá því að árgjöldin í YFJ hefðu verið greidd nýlega. Í ár voru þau 940 evrur greiddar á genginu 172.

HTF sagði frá því að hún hefði sent Menntamálaráðuneyti tengiliði okkar til í systurfélögum á Norðurlöndunum og leitað eftir meðmælum hjá SUF vegna formanns UNR, allt vegna ráðstefnu Menntamálaráðuneytis Æska – rödd framtíðar.

HTF sagði frá því að heimsóknir á Æskulýðsgáttinni hefðu aukist jafnt og eru nú fleiri en nokkur tíman áður.

HTF sagði frá því sem væri á döfni. Nokkur umræða skapaðist um stefnu í æskulýðsmálum.

3. Frá æskulýðsráði

SSE sagði að hægt gengi að vinna að stefnumótun fyrir ráðið. Að öðru leyti væri ekkert að fréttu frá æskulýðsráði.

4. Þing unga fólksins

HTF sagði að ef halda ætti þing unga fólksins í ágúst væri mikilvægt að fara huga að því, sérstaklega fjármálunum. Nokkur mikil umræða skapaðist um form á þinginu og hvað ætti að ræða. Ákveðið var að fresta þessu fram yfir áramót og halda vinnufund um verkefnið með nýrri stjórn strax í sumar.

5. Sambandsþing 2010

HTF lagði fram áætlun um sambandsþing. Ákveðið var að leggja fram ályktun um skilgreiningu á æskulýðsfélögum og æsku frá stjórn. Einnig var rætt um að leggja til við þingið ályktun um nauðsyn þess að sett verðir heildarstefna í æskulýðsmálum á Íslandi.

6. Alþjóðastarf

- a. HTF fór yfir stöðuna á NBCM. DUF hefur boðist til að greiða allan kostnað fyrir einn þátttakanda frá LÆF og að sent hefði verið beiðni til ráðuneytisins um styrk fyrir öðrum þátttakanda. Ef ekkert fæst frá ráðuneyti mun UH sækja fundinn fyrir okkar hönd.
- b. HTF sagði frá því að hún myndi sækja næsta Comem fund eins og áður var samþykkt. Helstu málefni fundarins verða lagabreytingar. HTF mun fara yfir fyrir næsta stjórnarfund og fjalla betur um þær.
- c. Svar hefur borist frá YFJ vegna EU-China youth leader summit. Hvorki HTF né BG voru valin til að fara sökum þess að Evrópusambandið vildi eingöngu fá þátttakendur frá EU ríkjum.
- d. Ákveðið var að SSE og BG myndu sækja ungmennaráðstefnu spænsku formennskunnar og sjá sjálfir um skráningu og bókanir.
- e. SSE sagði frá því að ýmislegt væri að gerast hjá WorldBank í málefnum ungs fólks. Honum falið að skoða það betur.

7. Bréf og önnur skjöl sem þarfnast afgreiðslu

Enginn skjöl sem þarfnast afgreiðslu.

8. Önnur mál

- a. SSE lagði til að LÆF sendi frambjóðendum í sveitastjórnakosningum línu um æskulýðsmál fyrir kosningarnar. Samþykkt.
- b. UH sagði frá því að hún hefði fengið beiðni frá strák í Nígeríu um að gerast starfsnemi hjá LÆF og hún hafi svarað því eins og öðrum beiðnum sem þessum að LÆF hefði ekki bolmagn til að taka á móti starfsnema.
- c. Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn mánudaginn 12. apríl n.k. kl. 11:00

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 12:43.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

framkvæmdastjóri